

Umhverfisstofnun
Ab. *DA*

29 JULI 2004
54.22

Tilv. 115720040700002



Skipulagsstofnun
Pétur Ingi Haraldsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun
Umhverfisstofnun er fyrir umhverfum og teknologi
Umhverfisstofnun er fyrir umhverfum og teknologi
Umhverfisstofnun er fyrir umhverfum og teknologi
Umhverfisstofnun er fyrir umhverfum og teknologi

28. júlí 2004

Tilvísun: UST20040700002/óá

Aðalskipulag Hraungerðishrepps 2003-2015

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 28. júní sl., þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar um aðalskipulag Hraungerðishrepps 2003-2015. Breytingar hafi orðið á skipulagstillöggunni síðan Umhverfisstofnun gaf umsögn um hana með bréfi dags. 28. júlí 2003. Breyting felst í því að fristundasvæðum í landi Bitru og í landi Hjálholts hefur verið bætt við. Þessi fristundasvæði er staðsett á svæðum sem hugsanlega njóta verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að við gerð aðalskipulags Hraungerðishrepps var ekki gerð sérstök úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta sérstakrar skv. 37. gr laga um náttúruvernd. Því fór Umhverfisstofnun fram á það að sá fyrirvari væri settur í aðalskipulag að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þar sem ofangreindum jarðmyndunum og vistkerfum geti verið raskað, þrátt fyrir að stofnunin hafi gefið umsögn síná á grundvelli 33. gr. laga um náttúruvernd.

Hraun sem fyrirhuguð fristundasvæði í landi Bitru og Hjálholts eru staðsett á falla undir þá gerð jarðmyndana sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þ.e. eldhraun. Hins vegar þetta hraunasvæði sandorpið og gróið og hefur því að mestu glatað þeim eiginleikum sem skapa verndagildi þess. Þó eru á einstaka afmörkuðum svæðum hraunmyndanir sem vert að vernda, og ber að taka mið af því við deiliskipulag fyrirhugaðrar fristundabyggðar á þessu svæði. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreindar breytingar á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi afgreiðsla þessa máls hefur dregist.

Virðingarfyllst,

Sigurbjörn Gisladóttir
Sigurbjörn Gisladóttir
Forstöðumaður stjórnsýslusviðs
Umhverfisstofnunar

Olafur Árnason
Olafur Árnason
Sérfræðingur